

105  
23. des.

## L Ö G

um útreikning vísitölu framfærslukostnaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Húsaleiguliður vísitölu framfærslukostnaðar skal reiknaður án tillits til 5. gr. laga nr. 56/1950 um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu. Skal nefndur vísitöluliður reiknaður eftir því ákvæði í 3. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., að miðað sé við húsaleigu í húsum, sem fullgerð eru eftir árslok 1945, og á grundvelli rannsóknar kauplagsnefndar á húsaleigu.

#### 2. gr.

Skal kauplagsnefnd reikna á ný vísitölu júlímánaðar samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skal sú vísitala gilda fyrir kaupgreiðslur frá 1. ágúst til 31. des. 1950.

#### 3. gr.

Nú er vísitala framfærslukostnaðar fyrir júlímánuð samkvæmt ákvæðum 1. gr. þessara laga hærrí en 112 stig, og skal þá hækka uppbót á kaupgreiðslur fjóra síðustu mánuði ársins þannig, að mismunurinn fyrir júlímánuð sé að fullu bættur.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt falla úr gildi bráðabirgðalög nr. 71 19. júlí 1950.

*Gjört í Reykjavík, 23. desember 1950.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

106  
28. des.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Á árinu 1951 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
  - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
  - b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.